**Dala Auður – fundargerð frá fundi verkefnisstjórnar 3. maí kl. 13:00-14:00 í Teams. Fundur nr. 04-2022.**

Mætt voru: Linda Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri, Þorgrímur Guðbjartsson og Bjarnheiður Jóhannsdóttir, fulltrúar íbúa, Kristján Sturluson, fulltrúi Dalabyggðar, Páll S. Brynjarsson og Ólafur Sveinsson, fulltrúar SSV og Helga Harðardóttir og Kristján Þórhallur, fulltrúar Byggðastofnunar.

Dagskrá:

1. Stöðugreining
2. Gögn frá íbúaþingi og næstu skref og tímalína
3. Önnur mál

1. Stöðugreining.

Farið var í yfir þá grind sem fyrir liggur og skerpt á verkaskiptingu í miðlæga skjalinu.

2. Gögn frá íbúaþingi,næstu skref og tímalína

Fram kom að samantektar íbúaþings  frá Ildi er ekki að vænta fyrr en að áliðnum maímánuði. Því verður lögð áhersla á það um sinn að þoka greiningunni áfram og m.a. stilla upp SVÓT greiningu.

3. Önnur mál

Ákveðið að vera með miðlægt svæði á Google Drive.

Ákveðið að halda 5. fund verkefnisstjórnar þann 8. júní 13:00-14:30

Rætt um tímalínu og fyrirkomulag styrkja. Helst talið rétt að stefna á styrkjaferli eftir sumarið, enda þarf samþykkt verkefnisáætlun að liggja fyrir áður en styrkir verða auglýstir eða veittir.

Rætt var um það hvort hanna ætti lógó fyrir verkefnið. Fram kom að það hefur ekki verið gert áður í Brothættum byggðum en hugmyndin er áhugaverð.

Fleira ekki rætt og fundi slitið

Fundargerð ritaði Kristján Þ. Halldórsson